



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Garðabær
Gunnar Einarsson
Garðatorgi 7
210 Garðabæ.

Kópavogur, 6. maí 2020
Málsnr. / 2003010 PBG.

Varðar: Greiðslur til samgöngusáttmála

Á stjórnarfundum SSH 4. maí 2019 var eftirfarandi bókað:

Framhald frá 495. fundi.

Drög að frumvarpi til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu lögð fram til kynningar en fjármála- og efnahagsráðuneyti hefur unnið að gerð frumvarpsins í samráði við SSH og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Frumvarpið er nú í þinglegri meðferð.

Gestir fundarins undir þessum lið eru Bryndís Friðriksdóttir frá Vegagerðinni og Hrafnkell Proppé verkefnastjóri Borgarlínu. Bryndís Friðriksdóttir kynnir áætlanir samkvæmt Samgöngusáttmála.

Umræður.

Framkvæmdastjóri SSH kynnir áætlað greiðsluflæði sveitarfélaganna vegna Samgöngusáttmála á árinu 2020 ásamt minnisblaði. Reykjavík og Kópavogur greiða framlög sín m.v. 2019 og 2020 á árinu 2020. Önnur sveitarfélög sem koma að Samgöngusáttmálanum greiða framlög m.v. 2020 á árinu 2020 og framlag ársins 2019 á árinu 2021.

Fyrir liggur að formgera samgöngusáttmálann endanlega m.a. með stofnun félagsins um framkvæmdir samgöngusáttmálans. Þar sem sveitarfélögin munu byrja nú þegar að greiða skv. samningnum er m.a. mikilvægt að halda vel utan um verkefnið og hafa breiða yfirsýn yfir þær framkvæmdir sem nú eru í gangi og fara munu í gang á næstunni skv. framkvæmdaáætlun Samgöngusáttmálans. Er því lagt til að fjölga í stýrihópi um undirbúning Borgarlínu, en verkefnastofa Borgarlínu annast undirbúning verkefnisins fram að stofnun félagsins skv. sáttmálanum.

Gert er ráð fyrir því að framlög sveitarfélaganna skv. samningi Vegagerðinnar og SSH frá 20.júní 2019 um undirbúning Borgarlínu verði nú hluti af framlagi þeirra enda sá samningurinn hluti af Samgöngusáttmálanum skv. c lið 3 gr. Samgöngusáttmálans.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að varaformaður stjórnar SSH taki sæti í stýrihópi um Borgarlínu.

Stjórn samþykkir að senda drög að greiðsluflæði frá aðildarsveitarfélögum til samgöngusáttmálans til aðildarsveitarfélaga SSH til kynningar.

Framkvæmdastjóra SSH er falið að útfæra greiðsluflæðið frekar ef þörf verður á í samráði við Vegagerðina og stýrihóp um undirbúning Borgarlínu ásamt fjárhagslegri umsýslu um verkefnið.

Samkvæmt ofangreindu var m.a. samþykkt að senda drög að greiðsluflæði frá aðildarsveitarfélögum til samgöngusáttmálans til aðildarsveitarfélaga SSH til kynningar. Er það hér með gert ásamt því að gögn málsins fylgja með.

Virðingarfyllst,



Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Hjálagt:

- a) Minniblað framkvæmdastjóra SSH vegna málsins.
- b) **Drög að greiðsluflæði frá aðildarsveitarfélögum til samgöngusáttmálans.**
- c) Áætlanir frá Vegagerðinni er varða samgöngusáttmálann.